



- TS 135 -

Tækniforskrift fyrir einfaldan rafrænan reikning

Þann 14. október gefur Staðlaráð út tækniforskriftina TS-135 *Einfaldur rafrænn reikningur – NES umgjörð 4*. Sama dag verður opnaður nýr vefhluti um rafræn viðskipti á vef upplýsingasamfélagsins ut.is. Þessi atburður er mikilvægur áfangi í mótun grunngerðar fyrir rafræn viðskipti á Íslandi sem byggir á miðlun upplýsinga um Internetið.

Fyrsta af mörgum

Tækniforskriftin er greinargóð lýsing á rafrænum reikningi sem hægt verður að nota í viðskiptum innanlands og milli landa í Evrópu. Forskriftin þjónar sem leiðarvísir fyrir forritara hugbúnaðarkerfa og aðra þá sem koma að innleiðingu rafrænna reikninga í fyrirtækjum og stofnunum. Tækniforskriftin er sú fyrsta í röðinni af mörgum sem leiðbeina munu um gerð pantana, miðlun vörulýsinga og flóknari innkaupaferla, sem varða t.d. afhendingu vöru með fylgiseðli, og fleiri þætti rafrænna viðskipta.


Vinna við gerð tækniforskriftar um rafrænan reikning á rætur að rekja til samstarfs Norðurlanda og Bretlands í verkefninu „Northern European Subset“ (NES), sem á síðasta ári fluttist yfir á vettvang evrópsku staðlasamtakanna CEN, í vinnuhópinn “Business Interoperability Interfaces on public procurement in Europe” (WS/BII). Framan af var íslensk þátttaka í þessu starfi í



Rúnar Már Sverrisson, Logar, formaður fagstaðlaráðs í upplýsingatækni, FUT.



Laufey Erla Jóhannesdóttir, Síminn, formaður vinnuhóps FUT um grunngerð rafrænna viðskipta.



Ragnar T. Jónasson, Landsbankinn, formaður tækninefndar FUT um grunngerð rafrænna viðskipta.

höndum Fjársýslu ríkisins og ICEPRO en með stofnun tækninefndar fagstaðlaráðs í upplýsingatækni (FUT) um grunngerð rafrænna viðskipta, á síðasta ári, varð til sá vettvangur sem þessa dagana er að skila af sér áðurnefndum afurðum.

Mikill fjöldi einstaklinga frá fyrirtækjum og stofnunum hefur lagt sitt af mörkum til að gera tækniforskriftina TS-135 að veruleika. Forsendur til markvissrar innleiðingar nýrra viðskiptahátta hafa aldrei verið betri.

Ráðstefna

Þann 14. október, á alþjóðlega staðladaginn, verður haldin ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík þar sem tækniforskriftin um rafrænan reikning verður kynnt ásamt stuðningsefni sem rithópar tækninefndarinnar hafa tekið saman. Þar munu lausnaraðilar kynna afurðir sínar og notendur segja frá markmiðum sínum hvað varðar innleiðingu rafrænna viðskipta í fyrirtækjum sínum og stofnunum.

Lyklar að hraða og hagræðingu

- rafrænir reikningar, pantanir og önnur viðskiptaskjöl

Ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík

þann 14. október kl. 13 – 17



Byggingastaðlaráð - bls. 2

Alþjóðlegi staðladagurinn - bls. 3

Samfélagsleg ábyrgð - bls. 4

Helstu verkefni Byggingarstaðlaráðs

Á vegum Byggingarstaðlaráðs (BSTR) er um þessar mundir unnið að átta séríslenskum staðlaverkefnum. Hvert verkefni er unnið af hópi sérfræðinga og ráðgjafa sem hittast að jafnaði á tveggja vikna fresti. Ætla má að liðlega 40 sérfræðingar og ráðgjafar sinni þessari vinnu.

Verkefnin

Vinnuhóparnir samanstanda af ráðgjafa-verkfræðingum, verkfræðingum úr háskóla-samfélaginu og fleirum sem hagsmunir hafa af staðlastarfi. Umrædd verkefni eru þessi:

- Gerð þjóðarviðauka við evrópska þolhönnunarstaðlana, svokallaða „Eurocodes“
Vinna við þjóðarviðaukana er umfangsmesta verkefni Byggingarstaðlaráðs sem stendur. Um er að ræða 58 staðla sem þarf að fara yfir og aðlaga séríslenskum aðstæðum, svo sem varðandi jarðveg, efnisval og meðhöndlun, vindálag, snjóálag og jarðskjálftaálag.
- Staðall fyrir hljóðvist í atvinnuhúsnæði
Við gerð staðalsins er höfð hliðsjón af norrænum stöðlum.
- Íslensk þýðing á staðlinum ÍST 45 Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis
- Endurskoðun staðalsins ÍST 30 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir

Núverandi staðall er fimmta útgáfa frá árinu 2003. ÍST 30 hefur unnið sér fastan sess í íslenskum verkframkvæmdum og því afar mikilvægt að fylgjast með og endurskoða efni staðalsins með tilliti til þróunar markaðarins. Sem dæmi um þætti sem komið hafa til álitu við endurskoðunina í þetta sinn má nefna rafrænt útboðsumhverfi, öryggismál á framkvæmdastað, ábyrgðamál, gagnkvæm réttindi verktaka og verkkaupa.

- Gerð fylgistaðals við ÍST EN 206-1 Steinsteypa – 1. hluti: Tæknilýsing, eiginleikar, framleiðsla og samræmi
Fylgiskjalið mun fjalla um endingarhönnun steinsteypu miðað við íslenskar aðstæður.
- Gerð staðals um samræmda skráningu herbergja í íbúðarhúsnæði
Staðlinum er ætlað að kveða á um hvernig talningu og skráningu herbergja í íbúðum skuli háttáð. Fyrirhugað er að nota staðalinn við opinbera skráningu, upplýsingagjöf og í viðskiptum með íbúðarhúsnæði.
- Gerð staðals um skráningu hæða í byggingum
Notast á við staðalinn þegar lýst er fjölda hæða í byggingum, við hönnun þeirra, skráningu, deiliskipulagsgerð og til ákvörðunar um brunavarnir og lyftuþörf.



Arngrímur Blöndahl,
verkefnastjóri hjá Staðlaráðs Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Arngrímur Blöndahl hjá Staðlaráði.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna
og panta staðla.

Námskeið 22. október

Stjórnun upplýsingaöryggis

samkvæmt ISO/IEC 27001

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

NÝTT

- Alþjóðlegi staðladagurinn -

Orka, umhverfi og staðlar

Alþjóðlegi staðladagurinn er 14. Október ár hvert. Að þessu sinni er hann helgaður loftslagsbreytingum og vakin er athygli á hvernig staðlar geta komið að gagni í baráttunni gegn þeim.

Staðlar koma m.a. að gagni

- við að mæla og fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda,
- við hönnun og smíði orkusparandi bygginga, búnaðar og tækja,
- við stjórnun orkunotkunar og orkunýtni.

Ódýrasta kílóvattstundin

Orkunýtni og endurnýjanleg orka var þema aðalfundar alþjóðlegu staðlasamtakanna ISO nýverið. Hvatt var til aukinnar notkunar á endurnýjanlegri orku svo sem vindorku, jarðvarma, sólarorku og lífræns eldsneytis, en einnig bent á hve miklu má ná fram með bættri orkunýtni. „Ódýrasta kílóvattstundin er sú sem ekki þarf að framleiða“, sagði einn fyrirlesarinn, og átti þar við að með því að nýta betur þá orku sem þegar er framleidd þarf ekki að auka framleiðsluna eins mikið og ella. Fjöldi alþjóðlegra staðla er til eða er í vinnslu um umhverfisstjórnun, umhverfismerkingar, umhverfismat, líftímagreiningu vöru, mælingar og eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnisjöfnun og fleira þessu tengt.

Sjálfbær orkunotkun

Á aðalfundum evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC, sem haldnir voru í

Madrid í sumar, var þemað Sjálfbær orkunotkun. Þar var fjallað um hvernig beita má stöðlum til að ýta undir nýsköpun og styðja við nýja tækni í þessum geira, en einnig að bæta orkunýtni og styðja við reglur og löggjöf sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í desember síðastliðnum samþykkti Evrópusambandið metnaðarfull markmið sem varða loftslagsmál, svokölluð 20/20/20 markmið: Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20%, að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í 20% af heildarorkunotkun, og að bæta orkunýtni um 20%, fyrir árið 2020.

Staðall um orkustjórnunarkerfi

Nýlega er kominn út evrópskur staðall um orkustjórnunarkerfi (Energy Management Systems). Hann mun taka gildi sem íslenskur staðall um miðjan nóvember. Staðallinn er byggður upp á svipaðan hátt og staðlar um gæðastjórnun og stjórnun umhverfismála, og hentar mjög vel til notkunar með þeim stöðlum, en einnig kemur hann fyrirtækjum að gagni sem ekki hafa notað gæða- og umhverfisstjórnunarstaðlana. Staðallinn er ætlaður öllum fyrirtækjum og stofnunum sem vilja leggja áherslu á orkunýtni, í þeim tilgangi að lækka orkukostnað og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á næsta ári er síðan væntanlegur evrópskur staðall um aðferðir til að auka orkunýtni. Staðlar um mælingar á orkunotkun og útreikninga á orkunýtni og orkusparnaði eru einnig í vinnslu.



Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands.

Innan evrópsku staðlasamtakanna er unnið markvisst að því að taka meira tillit til umhverfisáhrifa við staðlagerð, svo sem orku- og vatnsnotkunar við framleiðslu og notkun viðkomandi vöru, endurvinnslu og förgunar, losunar gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna í andrúmsloft eða umhverfi. Með því að kveða á um það í stöðlum hvernig þessum málum er háttáð er hægt að vinna markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Námskeið 12. nóvember

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir Lykilatriði, uppbygging og notkun

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir megináherslum og uppbyggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni og þekki hvernig hægt er að beita þeim við að koma á og viðhalda gæðastjórnunarkerfi.

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is



- ISO 26000 -

Alþjóðlegur staðall um samfélagslega ábyrgð

Væntanlegur er staðall um samfélagslega ábyrgð. Fram til 14. febrúar á næsta ári geta aðildarlönd að Alþjóðlegu staðlasamtökunum, ISO, gert athugasemdir við frumvarpið að nefndum staðli. Þar með talið Ísland. Verði frumvarpið samþykkt, þá verður staðallinn – líkt og aðrir staðlar – til frjálsra afnota. Fyrirtæki og stofnanir sem sjá sér hag í að nota staðallinn gera það sem sagt af fúsum og frjálsum vilja.

Sjö meginþættir ISO 26000

Í frumvarpinu eru tilteknir sjö meginþættir samfélagslegrar ábyrgðar, eins og slík ábyrgð snýr að fyrirtækjum og stofnunum sem vilja stöðjast við staðallinn:

- Ábyrgð
- Gegnsæi
- Siðleg hegðun
- Virðing fyrir hagsmunum þeirra sem reiða sig á fyrirtækið
- Löghlýðni
- Virðing fyrir alþjóðlegum viðmiðum um hegðun
- Virðing fyrir mannréttindum

Ekki kröfustaðall

ISO 26000 mun ekki innihalda kröfur, líkt og til dæmis ISO 9001 gæðastjórnunarstaðallinn. Það þýðir að ekki verður vottað á neinn hátt samkvæmt staðlinum. Staðallinn er heldur ekki stjórnkerfisstaðall (e. management system standard). Í væntanlegum ISO 26000 eru fyrirtæki samt sem áður hvött til þess að grípa til aðgerða í því skyni að gera betur en opinber lög og reglur kveða á um. Þar er jafnframt að finna leiðbeiningar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stofnana og hvernig hægt er að flétta slíka ábyrgð inn í starfsemi þeirra og stefnu.

Samfélagsleg ábyrgð

Megineinkenni samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og stofnana er vilji til þess að taka tillit til umhverfisins og samfélagsins þegar ákvarðanir eru teknar. Einnig að taka ábyrgð á þeim áhrifum sem ákvarðanir og starfsemi þeirra hafa á samfélag og umhverfi. Það felur einmitt í sér alla þá sjö þætti sem nefndir voru hér ofar: Ábyrgð, gegnsæi, siðlega hegðun, virðingu fyrir hagsmunum þeirra sem reiða sig á fyrirtækið, löghlýðni, virðingu



Ætla má að væntanlegum staðli um samfélagsábyrgð verði sýndur sérstakur áhugi á Íslandi.

fyrir alþjóðlegum viðmiðum um hegðun og virðingu fyrir mannréttindum.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna og panta staðla.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar málið snýst um að lækka hitareikninginn

Staðallinn ÍST EN 15616-4-4 Hitakerfi bygginga – Aðferð til útreiknings á afkastagetu og virkni – Hluti 4-4: Hitaframleiðslukerfi, innbyggð kerfi til orkuvinnslu, er einn fjölmargra staðla sem nýtast við að spara orku.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjörtur Hjartarson.